RÚV
The Icelandic National
Broadcasting Service

Þorsteinn Már Baldvinsson
forstjóri Samherja

25. október 2019
Viðtalsbeiðni

sent á netföngin:
tmb@samherji.is
margret@samherji.is

Efstaleiti 1
103 Reykjavík
Iceland

Góðan dag Þorsteinn Már,

Við viljum ítreka viðtalsbeiðni sem send var í síðustu viku.

Fréttamenn Kveiks eru, í samstarfi við aðra fjölmiðla, að undirbúa umfjöllun sem send verður út í þættinum Kveik á RÚV um starfsemi Samherja í Afríku og víðar.

Umfjöllunin byggir á miklu magni gagna sem fyrrverandi starfsmaður Samherjasamsteypunnar, Jóhannes Stefánsson, hafði undir höndum og Kveikur hefur haft aðgang að. Meðal gagna sem við byggjum umfjöllunina á eru tölvupóstar, myndir, reikningar og greiðslukvittanir, sem sýna fram á að félög í eigu Samherja hafi greitt aðilum tengdum sjávarútvegsráðherra Namibíu umtalsverðar fjárhæðir fyrir aðgengi að fiskveiðikvóta í landinu.

Í viðtali við Kveik fullyrðir Jóhannes að félög tengd Samherja hafi greitt mútur til að tryggja aðgengi að kvóta í Namibíu. Meðal annars til sjávarútvegsráðherra landsins í gegnum tengdason hans, Tamson Hatuikulipi, til stjórnarformanns namibíska ríkisfyrirtækisins Fishcor, James Hatuikulipi, núverandi dómsmálaráðherra og fyrrverandi formanns lagaendurskoðunarnefndar Namibíu, Sakeus Shanghala. Þá kemur einnig fram að félög tengd Samherja hafi greitt forstjóra Fishcor mútur.

Gögn sem Kveikur hefur rannsakað undanfarið virðast staðfesta þetta. Svo sem greiðslukvittanir og önnur gögn frá fjármálastofnunum sem dótturfélög Samherja hafa verið í viðskiptum við. Samkvæmt gögnum sem Kveikur hefur skoðað er um að ræða verulegar fjárhæðir; vel á annan milljarð íslenskra króna.

+354 515 3000
sími telephone

600307-0450
kt. ss.number

Tölvupóstar, fundargerðir og myndir virðast einnig staðfesta að þú, sem forstjóri fyrirtækisins, hafir verið meðvitaður um þessa háttsemi. Myndir staðfesta svo að þú hafir sjálfur átt leynilega fundi með Bernhard Esau, sjávarútvegsráðherra Namibíu, annars vegar á heimili tengdasonar hans, Tamson Hatuikulipi, og á búgarði ráðherrans. Esau hefur í viðtali við Kveik staðfest þessa fundi.

Í minnisblaði sem unnin voru af starfsmönnum Samherja eftir fundinn á búgarði ráðherrans kemur fram að Samherji áleit hann hluthafa í félagi sem í dag heitir Mermaria Seafood og gerir út við strendur Namibíu. Var það álitið mikið forskot fyrir Samherja á önnur útgerðarfélög þar í landi,

samkvæmt sama minnisblaði. Í öðrum gögnum frá starfsmönnum Samherja, svo sem kynningu á stjórnendafundi sem fram fór í Frankfurt árið 2012, voru náin tengsl fyrirtækisins við sjávarútvegsráðherrann og mikilvægi þeirra til umfjöllunar.

Gögnin sýna einnig hvernig þessir aðilar, þá sér í lagi James Hatuikulipi og Sakeus Shanghala, hafi beitt sér í þágu Samherja fyrir því að sjávarútvegsráðherrar Angóla og Namibíu gerðu milliríkjasamning um kvótaúthlutanir sem fyrirfram var tryggt að Samherji fengi að nýta. Myndir, tölvupóstar, reikningar og önnur gögn sýna að þremenningunum sem fyrir liggur að Samherji hafi greitt háar fjárhæðir til, þeir Tamson Hatuikulipi, James Hatuikulipi og Sakeus Shanghala, hafi komið í boði Samherja til Íslands, meðal annars til að skipuleggja hvernig greiða ætti, að því er virðist, mútur til að tryggja gerð þessa samnings.

Samkvæmt reikningum og upplýsingum um bankareikninga félaga í eigu Samherja á Kýpur hefur félag á Dúbaí, sem er í eigu James Hatuikulipi, fengið greiddar jafnvirði um 500 milljóna íslenskra króna vegna þessa samnings frá félögum sem eru að fullu í eigu Samherja.

Gögnin virðast einnig sýna fram á hvernig Samherji og dótturfélög leituðu leiða til að lágmarka skattgreiðslur sínar í Namibíu, meðal annars með því að nýta tvísköttunarsamninga Namibíu og Máritíus annars vegar og Máritíus og Kýpur hins vegar. Þá gefa tölvupóstar á milli starfsmanna Samherja og dótturfélaga til kynna að markmið með svokölluðum „royalty“ samningum, leigugreiðslum á skipum í eigu Samherja og dótturfélaga, og samningar um stjórnunarkostnað, hafi fyrst og fremst verið ætlað að ná peningum út úr Namibíu með sem minnstum tilkostnaði. Þetta hafi jafnvel verið gert án þess að upplýsa samstarfsaðila Samherja í félaginu Arcticnam fyllilega um tilhögun þessara greiðslna.

Við viljum því ítreka beiðni okkar um viðtal við þig og jafnframt gefa þér færi á að svara því sem fram mun koma í umfjölluninni innan 7 daga frá dagsetningu þessa bréfs.

Með kveðju,

Helgi Seljan,

Aðalsteinn Kjartansson,

fréttamenn Kveiks.